



JÓHANNA KRISTÍN
YNGVADÓTTIR

JÓHANNA KRISTÍN YNGVADÓTTIR

LISTASAFN REYKJAVÍKUR

KJARVALSSTAÐIR

FEBRÚAR - MARS 1992

Á kápu / Cover

Nótt / Night

1985

120 x 110 sm, olía á striga / oil on canvas

Listasafn Reykjavíkur / Reykjavík Municipal Art Museum

Kjarvalsstaðir

Með þessari yfirlitssýningu á verkum listakonunnar Jóhönnu Kristínar Yngvadóttur hér að Kjarvalsstöðum gefst Reykvíkum tækifæri til að kynna hæfileikaríki listakonu, sem átti vissulega merkan feril að baki á listabrautinni þegar hún lést langt um aldur fram.

Þrátt fyrir heilsubrest lengst af starfsferils síns stundaði hún listgrein sína af mikilli elju og þeirri einlægni sem er aðal allra góðra listamanna.

Meningarmálanefnd þakkar öllum, sem hlut áttu að máli við uppsetningu þessarar sýningar, og vonar að gestir Kjarvalsstaða megi vel njóta.

Hulda Valtýsdóttir

form. Menningarmálanefndar Reykjavíkurborgar.

This retrospective exhibition of the work of Jóhanna Kristín Yngvadóttir gives visitors to Kjarvalsstaðir the opportunity to become acquainted with the paintings of a talented artist who had already produced some remarkable artistic achievements when she died at a tragically early age.

Despite poor health for most of her career, she pursued her artistic course with the application and sincerity that are the hallmark of true artists.

The Cultural Committee would like to thank the many people involved in mounting this exhibition and trusts that visitors to Kjarvalsstaðir will find it a rewarding experience.

Hulda Valtýsdóttir

Chairman, Reykjavík Municipal Cultural Committee.

MEÐ BILUZZGNINA AÐ LEIÐARSTJÓB



JÓHANNA KRISTÍN YNGVADÓTTIR
1953 - 1991

MEÐ EINLÆGNINA AÐ LEIÐARLJÓSI

I Í mars 1991 lést í Reykjavík hin unga og efnilega listakona Jóhanna Kristín Yngvadóttir, aðeins 37 ára að aldri, en hún átti löngum við vanheilsu að stríða. Að baki var stuttur en glæsilegur ferill helgaður málaralist og glímunni við að túlka á léreftið hina mannlegu ímynd sem tákn fyrir sálfræðilegan raunveruleika. Verk hennar, sem oftar en ekki eru næturljóð, fjalla um tilvist, tilvistarkreppu og það að vera manneskja í myrkum heimi.

II Jóhanna Kristín Yngvadóttir var fædd 31. október 1953 í Reykjavík, dóttir hjónanna Guðrúnar Hallfríðar Pétursdóttur og Yngva Péturssonar Hraunfjörð. Hún ólst upp í litlu húsi í Blesugrófinni í Reykjavík, í stórum systkinahópi við erfiðar aðstæður, en föður sinn missti Jóhanna Kristín svíplega 1955. Hún flúði ung á vit listarinnar og fékkst við að teikna og lita eins og barna er háttur. Eitt helsta myndefni barnateikninga hennar var konan, hún litaði með vaxlit fallegar, prúðbúnar dömur og fagurlimaðar ungmeyjar. Listin varð að alvöru er hún 1972 hóf nám við Myndlista- og handíðaskólann í Reykjavík en þar var hún við nám til 1976 og útskrifaðist úr grafíkdeild. Til að fullnuma sigi málaralistinni hélt hún í framhaldsnám til Hollands, sem á þessum árum var Mekka íslenskra myndlistarmanna, en þar bjuggu m.a. Sigurður Guðmundsson og fleiri er tengdust SÚM-hópnum. Hún dvaldi einn vetur í Haag en flutti síðan til Amsterdam og nam við Rijksakademie Van Beeldende Kunsten til ársins 1980, lengst af undir handleiðslu prófessors Jakobs Kuyper.

Mótunarár Jóhönnu Kristínar eða áttundi áratugurinn var, í því menningarumhverfi er Jóhanna Kristín mótaðist af, tími hugmyndafræðilegrar listar, inntak listhlutarins var sett í öndvegi, rökhyggja og sundurgreining var forsenda listsköpunarinnar en samtímis var málverkinu ásamt öðrum hefðbundnum aðferðum hafnað sem stöðnuðum formalisma.

Málaralistin átti þó hug hennar allan. Í viðtali í Þjóðviljanum 19.5.84 segir hún:

“Ég var alltaf staðráðin í að mála og ákvað að best væri að vera trú þeirri köllun. Hvað sem öðru liði væri einlægnin besta leiðarljósið.”

Á sama tíma og margir af jafnöldrum hennar aðhylltust hugmyndafræðilega list leitaði hún á mið tilfinninganna og sá tjáningarmáti er henni lét best var figúratívur expressjónismi. Hún vann þó ekki út frá fastmótaðri hugmyndafræði, heldur birta verk hennar einlæga tjáningu sprottna úr persónulegri upplifun listamannsins.

Málverkið fékk eins og kunnugt er endurreisn við upphaf níunda áratugarins, er "Nýbylgjan" eða "Nýja málverkið" flæddi yfir Evrópu frá Þýskalandi og Ítalíu. Jóhanna Kristín á það sammerkt með nýbylgjumálurinum að taka expressjónismann til endurmats og nýta sem forsendur fyrir persónulegri listsköpun. Sérlega virðist hún hafa leitað í smiðju til hins þýska Die Brücke-hóps, sem stofnaður var í Dresden 1905, og hin næma og innilega túlkun hennar á viðfangsefnum sínum afhjúpar skyldleika við verk norska málarans Edwards Munch (1863-1944)

Að loknu námi 1980 flutti Jóhanna Kristín heim til Íslands. Fyrstu tvö árin eftir heimkomuna nýttust henni ekki vel til vinnu að listsköpun m.a. vegna aðstöðuleysis, en eftir að hún festi kaup á æskuheimili sínu, Heimahvammi í Blesugróf, rættist úr vinnustofuvandamálum hennar og tímabil mikillar sköpunar og grósku fór í hönd.

- III Merk tímamót urðu tímamót á ferli hennar vorið 1983 er hún hélt fyrstu einkasýningu sína í Nýlistasafninu en sú sýning hlaut afar jákvæðar viðtökur. Til dæmis skrifaði Valtýr Pétursson í Morgunblaðið 13. apríl 1983 undir fyrirsögninni "Merkileg sýning" eftirfarandi:

"Þarna kemur fram málari af þeirri stærðargráðu, að furðu sætir, og er maður svo fær að vita, að tæplega þrítug manneskja er þarna að verki, verður dæmið enn skemmtilegra en með þessari sýningu sem á voru aðeins 12 olíumálverk, haslar hún sér svo sannarlega völl og það í fremstu víglínu ungra listamanna hérlandis."

Sýning þessi opinberaði að það myndefni sem Jóhanna Kristínu var hugleiknast var manneskjan, frekar konur og börn en karlmenn. Í viðtali við Halldór Björn Runólfsson í Þjóðviljanum 20 maí 1984 fjallar Jóhanna Kristín um forsendur málverks síns: "Ég mála persónur en ekki portrett endilega. Fólk inspirerar mig, einkum börn. Stundum fæ ég þau til að sitja fyrir og klæði þau í skræpötta búninga. En úrkoman verður allt öðruvísi og ég mála ekki endilega börn. Þau eru fremur hvati en fyrirmynd. Oftast mála ég þó upp úr sjálfri mér, eitthvað sem hefur snert mig persónulega, minningar eða fólk sem er mér náið."

Þær mannverur, er birtust á léreftinu á fyrstu sýningu Jóhanna Kristínar, voru fremur flatar en þrívíðar, oft stórskornar, það rými er þeim var ætlað var fremur knappt, oftar en ekki fylla þær út í myndflötinn, umhverfi þeirra er lítið skilgreint. Litafletir eru fremur stórir, og mynda sterkar andstæður, t.d. rautt eða svart á móti hvítu. Verkið "Foreldrarnir" frá 1983 er dæmigert fyrir þetta tímabil í list Jóhanna Kristínar, einnig er það lýsandi dæmi um það hvernig hugmyndaheimur sá, er birtist í verkum hennar, er sóttur í nánasta, persónulegt umhverfi hennar. Hún stillir



An titils/Untitled
1986
180 x 80 sm, olía á striga / oil on canvas
Knútur Bruun



Arnaq (kona) / (woman)

1986

160 x 90 sm, olía á striga / oil on canvas
Hrafnhildur Schram

saman þyngd og léttleika, móðirin, rauðklædd og dansandi, er túlkuð sem tákn fyrir lífið, faðirinn, sem lést í frumbersku Jóhönnu Kristínar, er sýndur sem andstæða móðurinnar, svartklæddur, steinrunninn og fjarlægur.

Jóhanna Kristín var yfirleitt ekki að formgera ytra útlit eða einkenni fyrirmynda sinna í verkum sínum, heldur notaði hún hið hversdagslega — fólkið í kringum sig og ekki síst sjálfa sig — til að túlka dýpri, mannlegan sannleika handan hins hversdagslega. Þessi næma innsýn og túlkun á tilfinningalífi nær yfir allan tónstiga tilfinninganna, en þegar á leið varð það þó sorgin, óttinn, og örvæntingin sem fengu mest rými í verkum hennar.

Tímabilið 1983-84 var sá tími er þátttaka hennar í sýningahaldi varð mest. Auk fyrstu einkasýningarinnar í Nýlistasafninu tók hún sama ár þátt í þrem samsýningum ungra listamanna í Reykjavík og hélt þar að auki aðra einkasýningu sína á göngum Landspítalans, en um þá sýningu var afar hljótt. Þriðju og jafnframt stærstu einkasýningu sína hélt Jóhanna Kristín í Listmunahúsinu í maí 1984, en þar sýndi hún 25 verk og tefldi saman léttum, lífsglöðum verkum á borð við Messalínu og myrkum, alvarlegum hugleiðingum. Mannverur hennar hafa þróast frá flötum, stórskornum verum yfir í þrívíðari, veikbyggðari verur, sem oft eru teygðar og liðamótalausar með smáar og lítið formaðar hendur og fætur, andlitin afmynduð eða stirðnuð í grímu. Í myrkari verkum hennar er birta notuð á dramatískan hátt, og litanotkun opinberar næmi hennar á hin finu blæbrigði litrófsins. Myndrýmið er eftir sem áður knappt. Enn sem áður voru umsagnir gagnrýnenda einkar jákvæðar. Halldór B. Runólfsson segir t.d. um sýninguna í Listmunahúsinu í Þjóðviljanum 19.-20. maí:

“Hér er á ferð óvenju sterk sýning full af einkennum þess besta sem finna má í málalísi samtímans”

Þetta sama ár tók hún þátt í fjórum samsýningum heima og erlendis, en síðla árs 1984 hélt hún til nokkurra mánaða dvalar á Taorminu á Sikiley. Ekki er að sjá að dvöl við önnur og ljósari birtuskilyrði hafi haft teljandi áhrif á litróf hennar, því frá 1984-5 verða verk máluð í myrku litrófi næturinnar stöðugt fyrirferðameiri. Hún leiðir okkur um myrkan heim, verur hennar eru umluktar hinum dimmu skuggum næturinnar.

Verkið “Nótt” frá 1985 hefur ýmis dæmigerð einkenni þessara ára. Það sýnir konu, er situr í sófa, hún fyllir út í vinstri hluta myndrýmisins, umvafin dökkum skuggum næturinnar sem virðast leggjast á hana eins og mara. Konan situr með hendur í skauti í draumkenndu leiðsluástandi, virkar lémgna, líkaminn er grannur og teygður, andlitið afmyndað.

Sitjandi kona er margendurtekið þema í verkum Jóhönnu Kristínar og virðist oft taka á sig sjálfsmýnd listakonunnar, enda

segist hún í stuttu viðtali í NT í maí 1984 alltaf vera að að mála sjálfa sig og tilfinningar sína. Í sýningarsskrá frá 1985 dregur hún upp eftirfarandi sjálfsmynd:

“Jóhanna Kristín Yngvadóttir er þrjátíu og eins árs Reykvíkingur ... Unir sér ein. Feimin. Ætlaði alltaf að verða listakona. Helst leikkona. Hélt á vit þagnarinnar. Litanna. Hún segir aldrei frá því sem henni liggur á hjarta. Samt liggur henni mikið á hjarta..”

- IV Jóhanna Kristín tók þátt í nokkrum samsýningum kvenna, hún var kona sem túlkaði reynsluheim kvenna út frá eigin forsendum, eða eins og hún sagði í blaðaviðtali í Morgunblaðinu 17.4.1983 “Ég held að ég sé fyrst og fremst kona þegar ég mála”. Þetta viðhorf endurspeglast í verkinu “Síðasta kvöldmáltíðin” sem hún vann að á árunum 1986-87 en lauk aldrei við. Þetta verk hefur sérstöðu á ferli hennar, þar sem hér er um að ræða hefðbundið trúarlegt viðfangsefni. Hún valdi þá leið að nota sömu myndbyggingu og í kvöldmáltíð Da Vinci, en túlkun hennar vísar frá hinni hefðbundnu skoðun, hún sýnir finlegan og skegglausan Krist en í staða fjögurra af postulunum hefur hún málað konur.

Sem styrkþegi Norrænu listamiðstöðvarinnar dvaldi Jóhanna Kristín 1986 um tíma á Grænlandi, og hélt þar litla einkasýningu í lok dvalarinnar. Þessi skamma viðdvöl í framandi menningarheimi markaði sýnileg spor í hugmyndaheim hennar. Einkum hreifst hún af hinni grænlensku konu, sem hún málaði í ýmsum útgáfum, t.d. sitjandi í rococco-sófa sem þannig er tilvísun í tvo ólíka menningarheima. Verkið “Arnaq” (kona) frá 1986 sýnir eina af þessum konum, líkaminn er engdur og teygður, endurteknar útlínur líkamans gefa í skyn að hún titri og skjálfi, umlukin myrkri. Einmanaleikinn og óttinn er yfirþyrmandi.

Verk frá Grænlandi voru m.a. á síðustu einkasýningu Jóhönnu Kristínar í Gallerí Borg, sem haldin var í nóvember 1987, en á þeirri sýningu bar hæst verkið “Á ögurstund”, margrætt og ógnvekjandi, hápunktur á næturljóðatímabili listakonunnar.

1988 á Jóhanna Kristín verk á þrem samsýningum, þar af einni í Danmörku, en virðist ekki afkasta miklu. Um vinnuaðferðir sínar segir hún í viðtali í Morgunblaðinu 9.12.84: “..Ég get stundum ekki málað dögum og vikum saman, jafnvel mánuðum. Svo getur allt í einu komið yfir mig, ég sé allstaðar mótív og þá get ég málað fleiri myndir á nokkrum dögum..”

- V Á árunum 1989-90 var Jóhanna Kristín búsett í Stokkhólmi. Þar hafði hún ágæta vinnuaðstöðu sem gerði henni kleift að takast á við stór verkefni. Þar málaði hún stærsta verk sitt, 5 metra langt fyrir Hótel Örk í Hveragerði, sem fjallar um lífsins dans á áttakamikinn hátt. Dans og dansarar er þema er oft kemur fyrir



Siðasta kvöldmáltíðin / Last Supper
1986-7
Hluti verksins / Detail
100 x 400 sm, olía á stríga / oil on canvas
Knútur Bruun

í verkum hennar í ýmsum útfærslum, hún málaði oft ballerínur í tjullpílsum, athygli vekur að þær eru alltaf í hvíld, sitjandi eða standandi í rökkvuðu umhverfi, en þær dansa aldrei. Ef stiginn er dans er það dans lífsins. Í myndröð frá 1986 túlkar hún næturlíf á skemmtistað á dramatískan hátt. Á móti hinum svarta lit næturinnar velur hún dumbrauðan, ágengan tón, órætt, svart/rautt rými umlykur krampakennt dansandi par, allar hreyfingar, öll samskipti, eru ýkt og átakamikil.

Í síðasta fullgerða verki sínu frá 1991, er sýnir tvær sitjandi konur, er Jóhanna Kristín enn að fjalla um tilvistarangist. Birtan er jöfn og grá. Gráminn virðist þrengja sér alls staðar, hann gegnsýrir líkama kvennanna og blandast rauðbleiku holdi þeirra. Önnur kvennanna heldur höndum um vanga sér á sama hátt og veran í verki E. Munchs "Ópið" frá 1893. Arne Eggum túlkar Óp Munchs sem myndina af nútímamanninum sem álitur Guð vera dáinn og finnur enga huggun í efnishyggjunni. Í túlkun Jóhönnu Kristínar er örvæntingin ennþá innibýrgð, ópið er að fæðast, en vonleysið og angistin er jafn átakanlegt.

Í íslenskri listasögu skipar Jóhanna Kristín veglegan sess sem fulltrúi hins figúratíva expressjónisma. Í verkum sínum notaði hún jafnt ytri sem innri raunveruleika sem hráefni til miðlunar djúpstæðra tilfinninga og sá hugmyndaheimur, er birtist á lérefti hennar, var oft all nóturlegur. Dýpt og einlægni í túlkun einkenna verk hennar, sem eru máluð af miklu öryggi og krafti. Hún skapaði af sannfæringarkrafti áleitin verk sem vekja erfiðar spurningar, sem sumum hverjum verður seint svarað.

Kristín Guðnadóttir

GUIDED BY SINCERITY

I The young and talented artist Jóhanna Kristín Yngvadóttir died in Reykjavík in March 1991 at the early age of 37, after prolonged periods of ill-health. She left behind her a short but brilliant career devoted to painting and to the struggle to interpret on the canvas the human image as a symbol for psychological reality. Her works, more often than not nocturnes, deal with existence, the existential crisis, the state of being human in a dark world.

II Jóhanna Kristín Yngvadóttir was born in Reykjavík on October 31, 1953. One of a large family, she was brought up in a little house on the outskirts of the city, and times were hard for them after her father's sudden death in 1955. She sought refuge in art from an early age, drawing and colouring like other children. One of the main subjects of her childhood drawings was woman: beautiful, elegant ladies and shapely girls, in crayon. Serious involvement began in 1972 when she enrolled at the Reykjavík College of Art and Handicrafts, where she later graduated from the graphics department. She studied painting further in the Netherlands, which was the Mecca of Icelandic artists at the time, home of Sigurdur Gudmundsson and other personalities linked to the SUM group. After a year in The Hague she moved to Amsterdam and studied at the Rijksakademie van Beeldende Kunsten until 1980, for most of the time under the instruction of Professor Jakob Kuyper. The 1970s, Jóhanna Kristín's formative years, were — in the cultural circles she moved in — the time of Concept Art, which gave prime emphasis to content and analysis as the basis of creativity, and rejected the painting and other conventional media as formalist stagnation.

Yet it was painting that captivated her. In a newspaper interview in 1984 she says that:

"I was always determined to paint and decided it was best to be faithful to that vocation. Whatever else might happen, sincerity would be the best guide."

At the same time that many of her contemporaries adhered to Concept Art, she explored the emotions, and the medium that suited her best was figurative expressionism. She did not base her works on any clearly formulated ideology; instead they suggest sincere expression born of the artist's personal experience. A resurgence took place in painting in the early 1980s when the "New Wave" or "New Painting," originating from Germany and Italy, swept Europe. Like the new painters, Jóhanna Kristín

reassesses expressionism and uses it as the starting-point for personal creation. In particular she seems to have looked towards the Die Brücke group that was founded in Dresden in 1905, and her sensitive and frank interpretation of her subject reveals an affinity with the works of the Norwegian painter Edward Munch (1863-1944).

On finishing at the academy in 1980, Jóhanna Kristín returned to Iceland. Lack of facilities prevented her from devoting much time to art during her first two years back in the country, but after buying her childhood home she had a secure studio, and an intensely creative and productive period followed.

- III Her career reached a turning-point in the spring of 1985 with her first one-woman show, at Reykjavík's Living Art Museum, which was given a very positive reception. Critic Valtýr Pétursson, for example, writing under the headline "A Remarkable Exhibition," says that:

"Here is a painter of astonishing proportions, and the discovery that this woman is not even thirty makes the spectacle even more delightful ... with this exhibition of a mere twelve oil paintings she has definitely established herself, in fact moved straight into the vanguard of young Icelandic artists today."

Jóhanna Kristín's debut revealed her favourite subject was the human being, women and children rather than men. In a newspaper interview with Halldór Björn Runólfsson, Jóhanna Kristín describes the basis of her paintings:

"I paint people, but not necessarily portraits. People inspire me, especially children. Sometimes I get them to pose and dress them up in garish costumes. But the outcome will always be something completely different, not even necessarily a painting of children. They are more a stimulus than a model. Usually I paint from within myself, something that has affected me personally, memories or people close to me."

The figures that appeared on the canvas in Jóhanna Kristín's debut one-woman show were flat rather than three-dimensional, often rugged, tending to spread out into the pictorial space beyond the rather cramped room allocated to them, their environment only vaguely defined. Her colour surfaces tend to be large and sharply contraposed, for example red or black against white. The Parents (1985) is typical of this period in her art, and highly illustrative of the way the conceptual world that appears in her work derives from her immediate personal environment. She arranges together the heavy and the light, with the red-clad dancing mother symbolizing life, and the father who died in Jóhanna Kristín's infancy presented as her opposite, dressed in black, fossilized and distant.

In her works, Jóhanna Kristín generally did not formalize the



Foreldrarinn / The Parents

1985

190 x 190 sm, olía á striga / oil on canvas

Guðmundur Yngvi Yngvason

external appearance or features of her models, using instead the stuff of daily life — people around her and no less herself — to interpret deep human truths beyond the mundane. This sensitive emotional insight and interpretation plays along the entire scale of feelings, but in the course of time, sorrow, fear and desperation are given the most space.

The period 1983-84 saw her most intense exhibition phase. Besides her Living Art Museum debut, she took part the same year in three joint exhibitions in Reykjavík by young artists, and mounted another one-woman show at the National Hospital, which received little publicity. Jóhanna Kristín's third and largest one-woman show was an exhibition of 25 paintings in May 1984 at the Listmunahúsid Gallery, where capricious, vivacious works such as *Messalína* were contrasted with brooding, serious contemplations. Her flat and rugged figures have developed here into more three-dimensional and fragile ones, often stretched and rubber-jointed, with small and vaguely formed hands, and their faces distorted or stiffened into masks. Her darker works make dramatic use of light, and her colouring reveals a sensitivity towards the fine nuances of the palette. Her pictorial space, however, remains constrictive.

Once again, the critics enthused. Halldór B. Runólfsson says of the Listmunahúsid exhibition that:

"This is an exceptionally strong show, abounding in characteristics from the cream of contemporary painting."

The same year she took part in four joint exhibitions in Iceland and abroad, leaving towards the end of the year to stay in Taromina, Sicily, for several months. Her time spent in different, brighter conditions of light had no visible effect on her palette, for from 1984-85, works painted in the dark spectrum of night become steadily more prominent. She leads us through a world of darkness, her figures shrouded in the gloomy shadows of night.

Night (1985) shows a number of typical features of this phase. It depicts a woman sitting in a sofa, spreading into the left side of the pictorial space and wrapped in the dark shadows of night which seem to rest upon her as if haunting her. The woman is sitting with her hands in her lap in a dreamlike state of hypnosis, apparently exhausted, her body thin and stretched, her face distorted.

The seated woman is a recurrent theme in Jóhanna Kristín's works, often seeming to assume the role of a self-portrait of the artist; in a short newspaper interview in May 1984, she says she is always painting herself and her emotions. And in a catalogue from 1985 she sketches the following self-portrait:

"Jóhanna Kristín Yngvadóttir is thirty-one years old, from Reykjavík... Prefers her own company. Shy. Always intended to

be an artist. Preferably an actress. Sought refuge in silence. In colours... She says she can never relate what is weighing down her heart. But there is a lot weighing down her heart..."

- IV Jóhanna Kristín Yngvadóttir took part in a number of joint exhibitions by women artists. She was a woman who interpreted the world of female experience on her own terms, or as she said in a newspaper interview, "I think I am primarily a woman when I paint." This attitude is reflected in *Last Supper*, which she worked on from 1986-87 but never completed. This painting occupies a unique place in her career, with its conventional religious subject. She chose the same pictorial structure as in Da Vinci's *Last Supper*, but her interpretation deviates from the mainstream opinion, depicting a frail and beardless Christ, and women in place of four of the apostles.

Granted a stipend by the Nordic Art Centre, Jóhanna Kristín went to Greenland for part of 1986 and held a small exhibition there at the end of her stay. This short spell in a cultural environment that was strange to her left a visible imprint on her conceptual world. In particular, she was attracted by the figure of the Inuit woman, which she painted in various versions, for example sitting in a rococo sofa, with an allusion to two unlike worlds. *Arnaq* (1986, Inuktitut for "Woman") shows one of these women, her body contorted and stretched, the repeated outlines of her body suggesting trembling and shivering, shrouded in darkness. The loneliness and fear are overpowering.

The Greenland works were among those shown at Jóhanna Kristín's final one-woman exhibition, held at Galleri Borg in November 1989, whose crowning achievement was the complex and fear-inspiring *At Wavebreak*, the climax of her nocturne phase.

In 1988 she had works at three joint exhibitions, including one in Denmark, but did not seem to be very productive. Interviewed about her methods of working, she said that "...Sometimes I cannot paint for days and weeks on end, months even. Then suddenly it comes over me, I see motifs everywhere and can paint several pictures in the space of a few days."

- V In 1989-90, Jóhanna Kristín lived in Stockholm, with a fine studio that allowed her to tackle large projects. It was there that she painted her largest work, a five-metre-wide commission for Hotel Örk in Hveragerði, Iceland, a forceful depiction of the dance of life. Dancing and dancers are a recurrent theme in her work, in various forms. She often painted ballerinas in frilly skirts, who are remarkable for the fact that they are always resting, sitting down or standing in twilight, but never dancing. The only dance they perform is the dance of life. In a series from



An titils / Untitled

1986

180 x 80 sm, olía á striga / oil on canvas

Sævar Karl Ólason

1986 she offers a dramatic interpretation of nightlife in a dancehall. In contrast to the black of night she chooses an aggressive, rich red, a cryptic black/red space encloses a couple dancing in spasms, and all movement and communication are exaggerated and dramatized.

In her last completed work, a study of two seated women from 1991, Jóhanna Kristín is still addressing existential anguish. Her light is an even grey, and this greyness seems to intrude everywhere, permeating the women's bodies and merging into their reddish-pink flesh. One of the women is clutching her cheeks in the same way as the figure in Munch's *Scream* (1893). Arne Eggum interprets Munch's *Scream* as a portrait of modern man who considers that God is dead and finds no consolation in materialism. In Jóhanna Kristín's interpretation, the sense of despair is still contained, the scream is being born, but the hopelessness and anguish are equally moving.

Jóhanna Kristín Yngvadóttir occupies an impressive place in Icelandic art history as a representative of figurative expressionism. Her works used internal and external reality alike as raw material to mediate deep-rooted emotions, and the conceptual world appearing on her canvases is often chilling. Depth and sincerity of interpretation characterize these paintings, executed with great confidence and force. She convincingly created probing works which inspire difficult questions, some of which will long remain unanswered.

Kristín Guðnadóttir


[Faint, illegible text, likely bleed-through from the reverse side of the page]



Án titils / Untitled
1985

123 x 91 sm, olía á striga / oil on canvas
Ríkisspítalar / Icelandic State Hospitals





Systur / Sisters

1983

190 x 190 sm, olía á striga / oil on canvas

Listasafn Háskóla Íslands / University of Iceland Art Gallery






Ballerína hvílir sig / Ballerina resting

1982

100 x 90 sm, olía á striga / oil on canvas

Listasafn Reykjavíkur / Reykjavik Municipal Art Museum

Kjarvalsstaðir





Lára

1981

150 x 75 sm, olía á striga / oil on canvas
Listasafn Íslands / National Gallery of Iceland







Sjálfsmynd / Self-portrait

1987

170 x 140 sm, olía á striga / oil on canvas
Listasafn ASÍ / Trade Unions' Art Gallery






Mansöngur / Love song

1985

120 x 80 sm, olía á striga / oil on canvas

Búnaðarbanki Íslands / Agricultural Bank of Iceland






Mansöngur / Love song

1985

120 x 80 sm, olía á striga / oil on canvas

Búnaðarbanki Íslands / Agricultural Bank of Iceland





Án titils / Untitled
1991
120 x 95 sm, olía á striga / oil on canvas
Helgi Magnússon





Án titils / Untitled
1990-91


90 x 80 sm, olía á striga / oil on canvas
Björg Ívarsdóttir





Messalína
1984

145 x 110 sm, olía á striga / oil on canvas
Hringur Jóhannesson





Nótt í borg / Night in the City
1986
150 x 120 sm, olía á striga / oil on canvas
Guðrún Ólafsdóttir & Sigurður Rúnar Sigurðsson





Án titils / Untitled

1986

130 x 130 sm, olía á striga / oil on canvas
Elín M. Sigurðardóttir & Sveinn Björnsson







Sumar / Summer

1984

100 x 80 sm, olía á striga / oil on canvas

Ögmundur Jónasson





Á ögurstund / At Wavebreak
1987
190 x 190 sm, olía á striga / oil on canvas
Knútur Bruun





Án titils / Untitled

1987

100 x 91 sm, olía á striga / oil on canvas

Sævar Karl Ólason



JÓHANNA KRISTÍN YNGVADÓTTIR

1953 - 1991

NÁM:

- 1972-1976 Myndlista- og handiðaskóla Íslands
1976-1977 De Stichting de Vrije Academie voor
Beeldende Kunsten, Haag, Hollandi
1977-1980 Rijksacademie van Beeldende Kunsten,
Amsterdam, Hollandi

EINKASÝNINGAR:

- 1983 Nýlistasafninu, Reykjavík
Landspítalanum í Reykjavík
1984 Listmunahúsinu, Reykjavík
1986 Menningarmiðstöðinni í Qaqortog, Grænlandi
1987 Gallerí Borg, Reykjavík

HELSTU SAMSÝNINGAR:

- 1982 Guys Expo, Álandseyjum
1983 Gullströndin andar, Reykjavík
UM '83, Kjarvalsstöðum
Hagsmunafélag myndlistamanna,
Kjarvalsstöðum
1984 Kulturhaus Palazzo, Liestal, Sviss
Konsthallen, Malmö, Svíþjóð
14 listamenn, Listasafni Íslands
Samsýning 9 myndlistarkvenna,
Hallveigarstöðum
1985 Listahátíð kvenna, Hér og nú, Kjarvalsstöðum
1986 Reykjavík í myndlist, Kjarvalsstöðum
Samsýning í Nýlistasafni
1988 Ny islandsk kunst, Lyngby Kunstforening
Danmörk
Maðurinn í forgrunni, Listahátíð,
Kjarvalsstöðum
Sjálfsmyndir íslenskra listamanna,
Kjarvalsstöðum

VERK Í OPINBERRI EIGU:

- Listasafn ASÍ
Listasafn Háskóla Íslands
Listasafn Íslands
Listasafn Kópavogs
Listasafn Reykjavíkur, Kjarvalsstaðir

EDUCATION:

- 1972-1976 Icelandic College of Art and Handicrafts
1976-1977 De Stichting de Vrije Academie voor
Beeldende Kunsten, The Hague, Netherlands.
1977-1980 Rijksacademie van Beeldende Kunsten,
Amsterdam, Netherlands.

ONE-WOMAN EXHIBITIONS:

- 1983 Living Art Museum, Reykjavík
National Hospital, Reykjavík
1984 Listmunahúsid Gallery, Reykjavík
1986 Qaqartog Cultural Centre, Greenland
1987 Gallerí Borg, Reykjavík

MAIN JOINT EXHIBITIONS:

- 1982 Guys Expo, Åland Islands
1983 Gullströndin andar, Reykjavík
UM '83, Kjarvalsstaðir
Hagsmunafélag myndlistamanna ("Artists' front"),
Kjarvalsstaðir
1984 Kulturhaus Palazzo, Liestal, Switzerland
Konsthallen, Malmö, Sweden
14 listamenn, National Gallery of Iceland
Joint exhibition by nine female artists,
Hallveigarstaðir, Reykjavík
1985 Hér og nú (women's art festival), Kjarvalsstaðir
1986 Reykjavík í myndlist, Kjarvalsstaðir
Living Art Museum
1988 Ny islandsk kunst, Lyngby Kunstforening,
Denmark
Maðurinn í forgrunni, Reykjavík Arts Festival,
Kjarvalsstaðir
Sjálfsmyndir íslenskra listamanna ("Self-portraits
by Icelandic artists"), Kjarvalsstaðir

WORKS IN PUBLIC COLLECTIONS:

- Trade Unions' Art Gallery, Reykjavík
University of Iceland Art Gallery
National Gallery of Iceland
Kópavogur Art Gallery, Iceland
Reykjavík Municipal Art Museum—Kjarvalsstaðir

Menningarmálanefnd Reykjavíkur / The Cultural Committee of the City of Reykjavík:

Hulda Valtýsdóttir, formaður/chairman
Guðrún Erla Geirsdóttir
Ingibjörg Rafnar
Jóna Gróa Sigurðardóttir
Júlíus Hafstein

Selma Guðmundsdóttir
Gunnsteinn Gíslason

Forstöðumaður Listasafna Reykjavíkur / Director of the Reykjavík Municipal Art Museum:

Gunnar B. Kvaran

Myndaval og hönnun sýningar / Exhibition Curators:

Kristín Guðnadóttir
Gunnar B. Kvaran

Ljósmyndun / Photography:

Dórdís Ágústsdóttir
Kristján Pétur Guðnason

Yfirllestur handrita og prófarkalestur / Proofreading and editing:

Aðalsteinn Davíðsson

Þýðing / Translation:

Bernard Scudder

Uppsetning / Typesetting:

Bragi Halldórsson

Hönnun sýningarskrár / Catalogue Design:

Birgir Andrésson

Skeiting og filmuvinnsla / Colour separation and montage:

Prentmyndastofan hf.

Prentun og bókband / Printing and bookbinding:

G. Ben. Prentstofa hf.

LISTASAFN REYKJAVÍKUR
KJARVALSSTAÐIR
FEBRÚAR - MARS 1992